Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2025-12-17 09:57:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2025-12-17 14:18:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2026-01-18 13:05:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Miðvikudaginn 11. september 2025 klukkan 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í gegnum innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig áheyrnarfulltrúinn Jóhannes Á. Jóhannesson auk starfsmanna innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson í gegnum fjarfundabúnað Teams og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Dagskrá fundar 11. september
- Drög að 430. fundargerð EFS 27.8.2025
- Ársreikningar 2024
- Greining ársreikninga sveitarfélaga 2024
- Sviðsmyndir um fjárhagslega þróun Grindavíkurbæjar árin 2025-2029

1. Samþykkt fundagerðar

Samþykkt fundargerðar 430 frá 27.8.2025 var frestar þar til á næsta fundi.

2. Fundur með Karli Björnssyni, fjárhagslegum ráðgjafa Grindavíkurbæjar

Karl Björnsson hefur starfað sem fjárhagslegur ráðgjafi Grindavíkur og hefur sem slíkur unnið með bæjarstjórn, bæjarstjóra og öðrum stjórnendum að daglegum rekstri sveitarfélagsins sbr. 4. gr. samkomulags innviðaráðherra og bæjarstjórnar Grindavíkur frá 24. febrúar 2024.

Til þess að varpa ljósi á fjárhagslega stöðu Grindavíkurbæjar kynnti Karl tvær sviðsmyndir sem hann hefur unnið varðandi rekstur Grindavíkurbæjar árin 2025-2029 og hvað þarf til að bærinn uppfylli fjármálareglur sveitarstjórnarlaga. Í fyrri sviðsmyndinni er litið til þess hvernig fjármál bæjarins geta þróast ef íbúum tekur aftur að fjölga en í þeirri seinni er gert ráð fyrir að íbúum haldi áfram að fækka.

Fyrri sviðsmyndin gerir ráð fyrir um 1 ma.kr. halla á rekstri A- og B- hluta sveitarfélagsins árið 2025 og síðan um 500 m.kr. halla árlega til 2029. Þrátt fyrir að handbært fé hafi í ársbyrjun verið rúmir 3 ma.kr. (þar af 1,3 ma.kr. vegna bótasjóðs) mun hratt ganga á þá stöðu verði sviðsmyndin að veruleika. Áætlunin gerir ráð fyrir því að handbært fé muni lækka um 1,1 ma.kr. á þessu ári og 800 m.kr. á því næsta. Seinni sviðsmyndin teiknar upp svipaða mynd þar sem rekstrarhalli er mikill og handbært fé verður uppurið á árunum 2027-2028.

Fyrir hamfarirnar var skuldastaða sveitarfélagsins afar lítil og ganga áætlanir út frá því að sveitafélagið uppfylli skuldaviðmið á því tímabili sem til skoðunar er.

Meginháyggjur EFS snúa að þeim mikla rekstrarhalla sem blasir við sveitarfélaginu og ljóst að sveitarfélagið mun ólíklega standast viðmið jafnvægisreglu.

Í 2. gr. viðauka við samkomulag innviðaráðherra og bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar er kveðið á heimild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að veita Grindavíkurbæ allt að 600 m.kr. fjárframlag. EFS hefur umsjón með mati á fjárþörf sveitarfélagsins og leggur til við ráðherra umfang og tímasetningar framlaga. Telja nefndarmenn að sveitarfélagið verði að öðru óbreyttu fjárhagslega ósjálfbært eftir örfá ár og þörf sé á aðgerðum til að stemma stigu við þann vanda. Nefndin mun hér eftir sem áður fylgjast grannt með fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, hvoru tveggja með hliðsjón af almennum horfum í rekstri þess en einnig með hliðsjón af ofangreindu samkomulagi.

3. Önnur mál

Ekki voru fleiri mál á dagskrá.

Fundi slitið klukkan 11:35. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.